



Lúxemborg, 19. október 2023

FRÉTTATILKYNNING 06/2023

Dómur í máli E-12/22 *Dr Maximillian Maier*

TILSKIPUN 98/5/EB BANNAR TAKMARKANIR Á ÞVÍ AÐ EVRÓPSKIR LÖGMENN SÉU SKIPAÐIR VERJENDUR EÐA AÐ ÞEIR SINNI MÁLUM ÞAR SEM GJAFSÓKN HEFUR VERIÐ VEITT

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit við spurningu sem barst frá Stjórnsýsludómstóli furstadæmisins Liechtenstein (*Verwaltungsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein*) varðandi túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998 um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi („tilskipunin“).

Málið varðar lögmannsþjónustu Dr Maier, sem er austurrískur ríkisborgari, búsettur í Austurríki og með lögmannsskrifstofu í Austurríki og Liechtenstein. Lögmannafélag Liechtenstein hefur sett Dr Maier á skrá yfir evrópska lögmenn í Liechtenstein.

Í kjölfar deilu á milli Dr Maier og lögmannafélagsins, einkum um hvort hann hafi haft heimild til að taka við umboði annarra lögmanna Liechtenstein í tengslum við gjafsókn, ákvað lögmannafélagið á grundvelli c-liðar 2. mgr. 62. gr. lögmannalaga Liechtenstein, að Dr Maier, sem skráðum evrópskum lögmanni, væri ekki heimilt að taka við umboðum í tengslum við gjafsókn eða að taka við slíkum umboðum sem staðgengill. Ákvæði þetta mælir fyrir um að ekki sé heimilt að skipa skráðan evrópskan lögmann verjanda eða að hann taki að sér mál þar sem gjafsókn hefur verið veitt. Bannið við því að taka við gjafsóknarumboði sem staðgengill var rökstutt með vísan til þess að það væri nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir að farið væri fram hjá banni nefnds ákvæðis.

Dr Maier kærði ákvörðunina til stjórnvalda í Liechtenstein, sem vísuðu henni frá. Dr Maier skaut þeirri ákvörðun stjórnvalda til Stjórnsýsludómstóls Liechtenstein, sem óskaði eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins.

EFTA-dómstóllinn tók fram að regla landsréttar, sem gengi lengra en tæmandi taldar undantekningar sem mælt væri fyrir um í 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, sem legði bann við því að evrópskir lögmenn tækju við gjafsóknarumboði væri ósamrýmanleg tilskipuninni. Ákvæði 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar heimilar EES ríki að undanskilja tiltekin störf frá rétti evrópskra lögmanna til að hafa með höndum sömu starfsemi undir starfsheiti heimaríkis og lögmaður sem starfar undir viðkomandi starfsheiti sem er notað í gistiríkinu, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er EES ríki heimilt að undanskilja heimild til að vinna skjöl sem veita heimild til að fara með dánarbú eða sem varða stofnun eða flutning réttar yfir fasteign frá störfum evrópskra lögmanna. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar getur EES ríki krafist þess að lögmenn, sem starfa undir starfsheiti heimaríkis síns, starfi með lögmanni, sem hefur málflutningsréttindi fyrir þeim dómstól, sem á að fara með málið, að því er varðar starfsemi er tengist því að koma fram fyrir hönd skjólstaðings sem fulltrúi hans eða verjandi í málarekstri og að svo miklu leyti sem lög gistiríkisins gera ráð fyrir því að slík starfsemi sé einungis á hendi lögmanna sem starfa undir starfsheiti þess ríkis.

EFTA-dómstóllinn benti á að 63. gr. lögmannalaganna mæli fyrir um takmörkun líkt og þá sem fram kæmi í 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Hins vegar er enga slíka samsvörun að finna á milli c-liðar 2. mgr. 62. gr. lögmannalaganna, sem leggur bann við því að evrópskir lögmenn taki að sér mál þar sem gjafsókn hefur verið veitt, og 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að svarið við spurningu álitsbeiðandi dómstólsins væri að tilskipunina skyldi túlka þannig að hún útiloki reglur landsréttar sem banni lögmanni, sem á varanlegum grundvelli veitir lögmannsþjónustu undir starfsheiti heimaríkis síns í gístíríki, að vera skipaður verjandi eða að hann taki að sér mál þar sem gjafsókn hefur verið veitt og sem þar af leiðandi ganga lengra en það sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefsíðu EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.